


# Almanak


FYRIR ÁRID

1904


sem er hlaupár og fjórða ár eftir sumarauka



✦ V. ÁR. ✦



Útgefandi: S. B. BENEDICTSSON.



WINNIPEG

Prentað í prentsmiðju FREYJU

1903.


er annars eins og mér liggi við að efast um að höf. sé nógu stórt skáld til að gjöra úr garði svo *vel* sé jafn langt verk.—Enginn efast þó um það, sem hefir lesið hinar fyrri, að höf. sé skáld, og að mörgu sé vel lýst, og að höf. sé mjög einkennilegur sem skáld, og er það út af fyrir sig mikilsvirði í fari hvers skálds. En stórar hugsjónir ríða þar ekki gördum fremur en annarsstaðar í vestur-Íslenzkum skáldskap. Oss er þó ögn farið að dreyma og einstöku andi að rumskast, en fáir fylgjast með skáldum annara þjóða, fáir skilja þau—stórskáldin.

\* \* \*

Svo mörg eru þá þessi orð. Þar eð nú var orðið svo áliðið, var enginn tími til að fara ítarlegar út í ritdóma, en að ári verður nákvæmari gaumur gefinn öllu sem út kemur á árinu, sérstaklega því er skáldskapur telst.

Ég vildi mælast til að fá frumsamda sögu eða leikrit fyrir næsta ár. Beini ég þessu ei hvað sízt til Hagyrðinga-félagsins í Wpg. Það félag er vel vakandi og starfandi og vonandi að heilbrigð skáldskaparstefna græði við það en tapi ekki. Ætti það að hafa góð áhrif á bókmenntir vorar, sem eins og stendur eru mjög einhliða og háðar afturhaldsanda trúar og kyrkju. Mannið yður drengir, lærið að hugsa, skapið yður heilbrigðar og fagrar skoðanir og standið við þær. Látið hvorki himneskt eða jarðneskt vald hindra yður frá að hugsa og tala um það sem þér álítið satt og rétt. Og um fram allt, HUGSIÐ!

*J. B. Benedictsson.*



## Anarchism.

EFTIR C. B. COOPER.

Dýtt af Margrétu J. Benedictsson.

Það hefir verið farið fram á við mig að skrifa ritgjörð um Anarchism. Ég gjöri það með ánægju, því skoðanir almennings um það, eru byggðar á fáfræði og ósannindum. Það er því æskilegt að geta gefið gleggri og sannari hugmynd um þessa stóru og fögru hugsjón (Ideal) og hvaða gildi hún hefir fyrir mannlífið.

Þess skal fyrst af öllu getið að anarchism er ekki formuð stjórnaraðferð, heldur kenning um einstaklings FRELSI. Tilgangurinn er að gjöra alla, hvort sem þeir eru anarchistar eða ekki, færa um að öðlast frelsi til að skapa heillavænlegri kringumstæður fyrir einstaklinga eða heild þeirra, sem gjöri þeim mögulegt að reyna í verklegum framkvæmdum hverja þá aðferð sem þeir álitu heillavænlegasta fyrir viðgang þjóðfélagsins.

Undir núverandi stjórnarfyrríkomulagi (archism) sem er gagnstætt anarchism) virðist þjóðfélagið vera eining [unit]. Aðal straumar lífsins renna eftir vissum, gefnum farvegum undir umsjón löggjafarinnar gegnum lög, dómstóla, lögreglu og hervald.

Valdstjórnin í heiminum er svo almenn og óumflýjanleg að allir eru bornir undir vængjum hennar og komast þaðan ekki. Þess vegna eru þjóðfélagslegar umbóta tilraunir ómögulegar nema undir hinu alltsjáandi auga valdstjórnarinnar og þungum skattálögum, sem með engu móti verður undan komist, hversu gagnstætt sem það kann að vera vilja þeirra sem skattana greiða. Undir þessu stjórnarfyrikomulagi verða þjóðfélagslegar umbótatilaunir ekki gjörðar svo að nokkru nemi, nema með því einu móti að handtaka stjórnvélarnar [Í Ameríku með meirihlutastjórn] og þröngva þeim til hlýðni. Í eðli sínu er öll stjórn byggð á vöðvaflí, eða ofbeldi. Þess vegna er listin, sem innifelst í því, að stjórna þjóðfélaginu, aðallega barátta við þjóðfélagið, eða fyrir völdum og möguleikum til að kúga þjóðfélagið til hlýðni þegar á þarf að halda. Í heild sinni er fólkinu mein illa við OFBELDI, og til að vernda sig fyrir því, myndar það STJÓRN. En valdstjórn er í eðli sínu OFBELDI og getur ekki verið annað, því að, þar sem ekki er FRÍVILJI verður VALD að koma til sögunnar til að þröngva þeim, sem *ekki vill* til að lúta vilja þess eða þeirra, sem *stjórna*, og er þá yfirráð þess eða þeirra sem stjórna orðin að *ofbeldi*. En valdstjórn verndar aldrei nema nokkurn hluta þjóðfélagsins, og líður hinn hluti þess þá edlilega við þá vernd. Stjórnin er eins og hlutdrægir foreldrar, sem hafa sum börnin sín í svo miklu afhaldi, að þau draga allt til þeirra, og við það, skerða þau hluta olnbogabarnanna. Það sem Tolstoy segir eru óhrekjandi sannindi: „Kjarni valdstjórnarinnar er reglubundið *ofbeldi*.“

Anarchistinn er aftur á móti, andstæður *valdi*

og *ofbeldi*, sem hvorttveggja innifelst í orðinu *valdstjórn*. Hann trúir því ekki að róstur og óregla verði stillt, með því að mynda úr þeim lögbundnar róstur og valdboðna óreglu. Hann, eins og sagna-meistarinn Guizot, veit, að öll valdstjórn hefir verið mynduð með ofbeldi og viðhaldið með valdi, og þegar þær hafa fallið fyrir sér sterkara valdi, að það hið sama vald, hefir komið í hins stað, og að það er í eðli sínu alveg hið sama. Hann veit líka, að í stað þess að bæta þjóðfélagsmeinin sem fyrir eru, bætir hún (valdstjórnin) við þau nýjum meinum, sem henni sjálfri er sérstaklega samfara. Og eitt af þessum meinum er það, að hún áskilur sér, og óskabörnum sínum, einkaleyfi til að niðast á öðrum. Svo í stað þess að leitast við að betra þjóðfélagið og gjöra það reglubundnara og siðlegra, hefir valdstjórnin beinan hag af að viðhalda óreglu og siðleysi, af því að án þess gæti hún ekki lifað, það er sá lifandi andi sem hún blæs Adam [þjóðfélaginu] í nasir. Valdstjórnin verður að viðhalda glæpunum, því með þeim aðallega, viðheldur hún einnig sjálfri sér.

Þessu lík gagnrýni á valdstjórn [archism] leiðir til þeirrar tillögu að afnema hana, en innleiða Anarchism [*valdstjórnarleysi*—without government], í hennar stað. Sagan sannar að engar þjóðfélagslegar umbætur hafa verið gjörðar af valdstjórn, né hafa slíkar umbætur átt upptök sín hjá nokkurri valdstjórn, heldur hafa allar slíkar umbætur orðið til *þrátt* fyrir *valdstjórn*, og hún hefir æfinlega barist á móti þeim og hindrað þær eftir megni. Niðurstaðan verður edlilega sú, að fólkið—þjóðfélagið sé fullkomnara, framgjarnara og betra en vald-

stjórnin, og að allar þjóðfélagslegar framfarir og umbætur komi af eðlilegri framþróun mannsálarinnar, þrátt fyrir þær hindranir, sem valdstjórnin leggur á veg þeirra, en ekki fyrir hana eða hennar handleiðslu. Og hversu siðferðislega og andlega sýkt sem mannfélagið kundi að vera, sé þó æfinlega betra að byggja á dómgreind þess og mannkostum, sé það frjálst og óháð, en undir yfirráðum valdstjórnar af hvaða tagi sem hún kann að vera.

Frá ómunatíð hefir þjóðfélag valdstjórnarlaust verið kallað *Anarchy*. An er gríska og þýðir án. Archy þýðir valdstjórn, og þýðir þá orðið *An-archy* án valdstjórnar, og átti það að gefa til kynna óreglubundið þjóðfélag. Af ásettu ráði völdum vér nafnið Anarchist, af því vér neitum því að anarchism þýði óreglu og siðleysi. Þvert á móti höldum vér því fastlega fram, að í gegnum anarchism að eins, fáist það þjóðfélags-fyrirkomulag sem manneðlið getur bezt og fullkomnast framleitt. Áframhaldandi valdstjórn er í eðli sínu bezta sönnunin fyrir því, að hún getur ekki komið á fót reglubundnu-þjóðfélagi. Af því að framfara-möguleikar mannkynsins liggja fyrir utan umráð og verksemi valdstjórnarinnar, liggja þeir eðlilega í lausn þess undan yfirráðum hennar—í frelsinu, sem fæst með *Anarchism*.

Þessar athugasemdir ættu að sannfæra hvern um það, sem ég sagði þegar í byrjun, nfr. það, að anarchism sé að eins hugsjón um einstaklingsfrelsi, og að hún eigi ekkert skilt við nein önnur spursmál. Til frekari skýringar skal ég hér taka upp þær tvær skýringar yfir orðið anarchism, sem vinsælastar hafa orðið og almennast eru viður-


kenndar af Anarchistum sjálfum, sem hinar fullkomnustu og réttustu á því orði. Önnur þessara skýringa er eftir B.R. Tucker, hann segir svo: „Anarchism er þess eðlis kenning, að öllu sem mönnunum við kemur eigi að vera stjórnað af einstaklingum eða sjálfboða félögum, en RÍKIÐ, (sem innifelst í orðinu VALDSTJÓRN) að afnemast.“ Hin útskýringin, sem einnig hefir náð miklum vinsældum hjá Sameignar-Anarchistum er ekki rituð af Anarchista, heldur stendur í rétttrúnaðar orðbókinni „Century Dictionary,“ og hljóðar þannig: „Anarchism er félagsfræðisleg kenning viðkomandi sameiginlegum lífsreglum, án þess þó, að þær séu byggðar á beinni valdskipaðri stjórn eins manns yfir öðrum—fullkomnið einstaklings frelsi.“

Þess vegna hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, að fólkinu veitti hægra að stjórna sér og lífsstefnu sinni, væri það óháð allri valdstjórn, en undir yfirráðum hennar. Anarchism gefur fólkinu engar ákveðnar reglur til að haga sér eftir, heldur lœtur sérhvern einstakling einan um að velja sér veg, hvort sem hann heldur vill utan við annara leiðir eða í félagi við aðra—marga eða fáa, eftir því sem honum og þeim kemur saman um. Vitanlega verður niðurstaðan algjörlega komin undir vilja einstaklinganna, og anarchism gjörir enga kröfu til að skipa fyrir um það, í hvaða andlega farvegi sálir þeirra skuli renna. Anarchism heldur því fram, að heimurinn nái hærra og fullkomnara siðmenningarstigi sé hann sjálfráður, en háður nokkru þvingunarvaldi.

Þó anarchism sé, eins og þegar hefir sýnt verið auðskilin hugmynd að eins, er því ekki að neita,

að ýmsar bókmenntalegar ritgjörðir þessu viðvíkjandi geta hæglega villt manni sjónar á kenningunni sjálfri. Til dæmis kemur það oftlega fyrir, að rithöfundur sem byggir á anarchist-iskum grundvelli heldur lengra áfram en kenningin leyfir honum, og tekur að byggja sínar eigin byggingar, þar sem hún endar. Með ördum orðum, að í stað þess að binda sig eingöngu við kenninguna sjálfa, fer hann að grufna út í, hvaða þjóðmegunarfræði sé líklegust til að tryggja best einstaklings frelsið, og endar með því, að gjöra sínar eigin ályktanir því viðvíkjandi, nauðsynlegar, eða láta þær sýnast nauðsynlegar fyrir málefnið. Sami ruglingur getur auðveldlega átt sér stað í öðrum atriðum, svo sem, trúfræði, siðfræði og fl. En í öllu þessu getur hann haft skiftar skoðanir við alla aðra Anarchista. En vilji lærisveinninn lesa anarchism sem frelsis-kenningu aðeins, mun hann eiga hægra með að skilja hana, og um leið, að aðgreina skoðanir hinna ýmsu Anarchista rithöfunda á þjóðmegunarfræði, siðfræði, trúfræði o. s. frv. frá kenningunni sjálfri, eða til að sjá skildleika þeirra. Hann mun þá komast að þeirri niðurstöðu, að einmitt vegna þessara mismunandi skoðana er anarchism nauðsynlegur, því að í honum að eins finna menn, sem koma sér saman um að láta sér *ekki* koma saman, sameiginlegan grundvöll til að byggja á og koma í verklega framkvæmd hugsjónum sínum, svo að þeir af reynzlunni viti, hver þeirra hefir mest verulegt gildi fyrir þjóðfélagið og einstaklingana sem mynda það.

[FREE SOCIETY.]



## LANDNÁMSSAGA VESTUR-ÍSLENDINGA.

### Inngangur.

Eins og kunnugt er hefir séra Friðrik J. Bergmann ritad landnámssögu Vestur-Íslendinga eða kafla úr henni og hefir hún birt í Almanaki Ólafs S. Þorgeirssonar. Fyrirtækið er mjög þarft frá hvaða hlið sem það er skoðað, rétt sögð og óhlutdræg saga cetti að vera mikilsvirði í bókmenntum vorum. En það er með þetta eins og flest annað, að því nýtsamara sem það er, ef það er samvizkusamlega af hendi leyst, því meira tjón getur það gjört ef hið gagnstæða á sér stað. Það sem mest er um vert við samning þess konar sögu er það, að sögutarinn láti í engu stjórnast af flokksfylgi í neinni mynd, öllum sé gjört jafnt undir höfði, þannig að þeim sé unnað sannmælis, hvaða flokki sem þeir hafa fylgt í trúmálum, stjórnmálum eða öðrum. Það er um að gjöra að ekki sé persónum

skíft í tvoer fylkingar eins og þegar hirðir skilur sauði frá höfrum, og þeirri reglu svo fylgt að varpa í öllu ljósi á sauðina en kasta skugga á hafrana. Þetta má gjöra á margvíslegan hátt. Það má gjöra það fyrst og fremst með því að lofa það um of er sumir gjörðu, en lasta það er aðrir framkvæmdu, en það má einnig gjöra á þann hátt, að tína það allt til sem betur má fara hjá einstöku mönnum og einstöku flokkum, en draga blæju yfir hið misjafna, en hefja allt upp í þriðja veldi sem miður fer hjá öðrum og forðast að nefna kosti þeirra og starfsemi, eða þá, ef eitthvert atriði er svo mikilvægt að ekki er mögulegt að komast hjá að nefna það, að skoða það í gegnum svo smækkandi gler að þess gæti sem minnst. Þessi aðferð er algengust.

Um það skal ekki dæmt hvernig hún sé úr garði gjörð landnámssagan sú er séra Friðrik hefir unnið að, en það er annað, sem á skal minnst. Fjöldi þeirra manna sem bezt þekkja til baráttunnar og stríðsins fyrir sannri menning og framförum Vestur-Íslendinga á frumbýlingsárum þeirra, eru óánægðir yfir því hvernig verkið sé af hendi leyst, sumir þeirra kveðast hafa óræk gögn í höndum er sýni það, að mjög merkum atriðum sé sleppt og frá mörgu rangt skýrt og hlutdrægt. Sjálfur veit ég ekki um það sagt á hve miklum rökum þetta er byggt, nema að nokkru leyti. En þar eð mér hafa borist mörg bréf með kvörtunum yfir þessu og nokkrar áskoranir málsmetandi manna um það, að gefa út landnámssögu Vestur-Íslendinga til þess að bæta úr þessu, og þar eð mér jafnframt hefir verið heitið aðstoð til þess af mörgum færum og kunnugum mönnum hefi ég ráðist í að gjöra það. Í þetta

sinn byrjar hún þó ekki þar eð áskoranir þessar komu svo seint að undirbúningstími var ekki nægur, en verkið þarf að vera svo vandað sem kostur er á. Sagan hefst þá í næsta árgangi þessa almanaks og vil ég mælast til að þeir sem eru þessu fyrirtæki hlyntir, sýni mér þann greiða að senda mér myndir af þeim mönnum er mest og bezt beittu sér fyrir framfaramál hér vestra, jafnframt æfiágripi þeirra, og yfir höfuð allt sem þeir kynnu að hafa í höndum þessu máli til styrktar, svo sem nöfn þeirra er í helztu félögum voru, gömul bréf og skjöl, reikninga, kvittanir, fundargjörðir o. fl.

S. B.



### Skoðanir merkra manna á hvað stjórn er.

Ríkið verður að fara. Það er sú stjórnarbylting sem ég verð meðmæltur. Grafið undirstöðuna undan ríkishugmyndinni, en setjið í þess stað frjálsa samvinnu og þá hugmynd, að andleg samvinna sé hið eina sanna meðal til að sameina mennina. Með því verður sáð til hins sanna frelsis—þess *frelsis*, sem í alla staði er æskilegt.

HENRIK IBSEN.

Sú stjórn er bezt sem stjórnar minnst.

THOMAS JEFFERSON.

Þetta er regla valdstjórnarinnar:—Einn maður gjörir eitthvað til að binda annann. Maður sem þekkir mig ekkert, skattar mig, hann sér mig á lengdar og skipar svo fyrir, að nokkur hluti erfðis-

fauna minna gangi til þessa eða hins sem honum dettur í hug. Sjáid afleiðingarnar! Af öllum skuldum eru menn tregastir til að greiða skatta! Er ekki stjórnafræðingur hlöegileg ófreskja? Allstaðar þykjast menn fá andvirði peninga sinna, nema frá henni.

—EMERSON.

Á tuttugustu öldinni verður stríðið dautt, höggstokkurinn dauður og hatrið dautt, en maðurinn lifir.

—VICTOR HUGO.

Lögin sverfa fátæklingana, en ríku mennirnir stjórna lögunum.

—OLIVER GOLDSMITH.

Stjórnafræðingur í heiminum er í eðli sínu vald, sem vinnur gagnstætt réttvísinni.

LEO TOLSTOY.

Enginn maður skal með mína samþykki stjórna mér. Ég vil engum manni stjórna.

WM. LLOYD GARRISON.

Stjórnin er fjárglæfratröll heimsins. Ekkert gott hefir nokkurntíma stafað af lögunum. Allar endurbætur heimsins eru afkvæmi byltinganna.


BUCKLE.

List Stjórnafræðingurinn innifelst í því, að hafa sem allra mest fé af sumum samborgurum sínum til að gefa hinum.

—VOLTAIRE.

Hinir fáfróðustu og verst upplögðu einstaklingar mannfélagsins hafa einokun yfir þeirri verzlunargrein er nefnist stjórnafræðingur.

THOMAS PAINE.



Lávarður Salisbury.

ÞÝTT AF M. J. B.

Það vera í illu skapi við ástvini sína, gengur brjálsemi næst. Oft hefi ég hugsað um þenna sannleik og fi af því tagi. En samt ætla ég að vera húsbóndi á mínu heimili. Já, og bita á jaxlinn ef þess gjörist þörf. Eða hversu dífist konan mín að horfa á mig leyftrandi fyrir litningaraugum? Út af hverju ósamlyndið byrjaði, man ég nú ekki. En það er orðið að bardaga, og við höfum bæði náð hæsta stigi geðvonzku og stífni.

María hefir strítt mér og storkað á allar lundir og haft í frammi allskonar skap-brellur, sem alls ekki eiga við þýða nafnið hennar. Og ég—jæja. Við skulum nú ekki fást um hvað ég gjörði. En eftir fyrstu fimm mínúturnar gaf ég henni það ósvikið.

„Ég skal aldrei tala við þig, Frank, fyr en þú biður mig fyrirgefningar,“ sagði hún og reigði sig dremblega. „Það er þá líklegt að þögnin endist nokkra daga,“ svaraði ég kuldalega og gjörði nokkuð sem ég hafði aldrei fyrir gjört síðan við urðum hjón, ég fór burt án þess að kyssa hana.

Ég var fast ráðinn í að sigra hana hvað svo sem það kostaði, því eftir þessum leiklokum myndu fleiri